



Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. 133/250
komudagur 133/2006

Reykjavík 23.11 2006.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsáýktunar um afnám refsíákvæða vegna ærumeiðinga (~~21-mál~~). 294. mál

Í tillögunni er fjallað um refsingar og skaðabætur vegna ærumeiðinga. Um sama efni er að hluta fjallað í umsögn ASÍ um ~~21-mál~~ og vísast til þeirrar umsagnar hvað varðar þátt skaðabótaréttarins. 294. mál

Á það er bent sérstaklega að í mörgum tilfellum skal sækja refsingar vegna ærumeiðinga með einkarefsimálum. Það fyrirkomulag hefur reynst vel og engin ástæða er til þess að breyta því auk þess sem dómstólar eru mjög sparsamir í mælingu refsinga. Íslensk lagahefð virðist því hafa fundið nokkuð gott jafnvægi í meðhöndlun mála vegna ærumeiðinga þó ætíð geti verið ástæða til þess að huga að samræmi íslenskra laga og alþjóðasamninga um verndun mannréttinda.

F.h. Alþýðusambands Íslands

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ

REFSIRÉTTARNEFND

Reykjavík, 24. janúar 2007.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.


Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dags. 13. nóvember 2006, þar sem óskað er eftir að refsiréttarnefnd veiti umsögn um tillögu til þingsályktunar um afnám refsíákvæða vegna ærumeiðinga, 294. mál.

Refsiréttarnefnd hefur tekið þingmálið til umræðu á fundum sínum.

Með þingsályktunartillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela dómsmálaráðherra að vinna að endurskoðun XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 er miði að því að refsingar vegna ærumeiðinga verði aflagðar. Markmið breytinganna verði að réttarúrræði vegna ærumeiðinga færist alfarið af sviði refsiréttar yfir á sviði einkaréttar. Í greinargerð með tillögunni er vísað til þess að veruleg þróun hafi orðið á sviði mannréttinda frá því að ákvæði XXV. kafla hegningarlaga voru sett og sé meðal megininkenna þeirrar þróunar aukin vernd tjáningarfrelsisins. Þá er því haldið fram að umrædd ákvæði hegningarlaga séu að ýmsu leyti í ósamræmi við þessi breyttu viðhorf og fái sum efnisatriði ákvæðanna tæpast staðið stjórnarskrána eða alþjóðlegar skuldbindingar Íslands á sviði mannréttinda. Þá sé vaxandi þrýstingur frá alþjóðasamfélaginu á að refsingar vegna ærumeiðinga verði aflagðar.

Refsiréttarnefnd telur að til greina komi að fram fari heildstæð endurskoðun á núgildandi ákvæðum almennra hegningarlaga um ærumeiðingar. Nefndin sér ekki ástæðu til að fella ákvæðin alfarið úr hegningarlögum áður en slík endurskoðun hefur átt sér stað.

f.h. refsiréttarnefndar,



Róbert R. Spanó formaður

RÍKISSAKSÓKNARI


Alþingi
Erindi nr. P 133/251
komudagur 24.11.2006

RH/kb
B. 1566/06

Reykjavík, 23. nóvember 2006

Ríkissaksóknara hefur borist til umsagnar, með bréfi allsherjarnefndar Alþingis, dags. 13. þ.m., tillaga til þingsályktunar um afnám refsíákvæða vegna ærumeiðinga, 294. mál.

Ríkissaksóknari telur tímabært að ákvæði almennra hegningarlaga um ærumeiðingar og friðhelgi einkalífs sæti heildstæðri endurskoðun. Við þá endurskoðun verði horft til alþjóðlegrar þróunar reglna sem gilda á þessu réttarsviði, m.a. með hliðsjón af dómum Mannréttindadómstóls Evrópu.



e.u.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Póstfang:
Hverfögata 6
150 Reykjavík

Sími:
530-1600
Netfang: rsak@tmd.is

Bréfsími:
530-1606

Kennitala:
530175-0229